

# Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa



Greinar eftir  
rithöfundana

**Einar Mía**

**Guðmundsson**

**Jan Kjærstad**

**Henrik Nordbrandt**

**Evu Ström**

**Kari Hotakainen**

sem hafa hlotið  
bókmenntaverðlaun  
Norðurlandaráðs.

Einnig eru kaflar með  
ýmsum staðreyndum  
um Norðurlönd og  
aðrir kaflar sem eiga  
að skapa umræðu

*Námsefni um norrænt samstarf í nýrri Evrópu*

# *Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa*

Með stækkun ESB og NATO hefur pólitískt landakort Evrópu breyst. Hvaða áhrif hefur stækkunin á Norðurlönd og norrænt samstarf? Í nýju námsefni fyrir framhaldsskóla er fjallað um stöðu Norðurlanda við nýjar aðstæður. Ætlunin er að námsefnið gagnist kennurum og verði til að skapa umræður meðal ungs fólks.

„Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ hentar við kennslu í félagsfræði, móðurmáli, sögu og landafræði. Bókin hentar einnig vel við þverfagleg verkefni. „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ kemur út bæði í skandinavískri útgáfu (á dönsku, sænsku og norsku) svo og á finnsku og íslensku.

Bókin hefur að geyma greinar eftir fimm handhafa bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, umfjöllun um norrænt samstarf ásamt ýmsum staðreyndum um Norðurlönd. Bókin hentar vel sem grundvöllur fyrir umræður um hlutverk og framtíð Norðurlanda.

Sérstaka netútgáfu bókarinnar er hægt að nálgast á slóðinni [www.norden.org/unginorden](http://www.norden.org/unginorden).

Þar geta kennarar sótt kafla úr bókinni og ljósritað til notkunar í skólastarfi. Á vefsvæðinu eru einnig ábendingar um hvernig nota má bókina „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ við kennslu.

Í september kemur „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ út í prentaðri útgáfu. Hægt er að panta ókeypis sýniseintak. Sjá nánari upplýsingar á baksíðu.

„Ég ímynda mér líka að Norðurlönd hafi ýmislegt fram að færa á evrópskum vettvangi og enn frekar á alþjóðavettvangi.“

Úr grein Jan Kjærstads frá Noregi: „Um það að vera norskur á Norðurlöndum, í Evrópu, í heiminum“

„Mér fannst Danmörk vera lítill innilokaður klefi. Mig langaði í stórt hús sem einungis átti að vera eitt risastórt herbergi. Nú veit ég að í húsi eiga að vera mörg herbergi, bæði lítil og stór. Sérherbergi en samt þannig að úr hverju þeirra sé aðgangur að öllum hinum.“

Úr grein Henrik Norbrandts frá Danmörku: „Vanahugsun og draumsýn“

„Ungt fólk í dag gerir miklar kröfur. Efstaðurinn uppfyllir ekki óskir þess þá bara fer það. Það skiptir minna og minna máli hvar maður er.“

Úr grein Einars Más Guðmundssonar: „Miðjan hvílir undir iljum þínum“

„Ég á innri móður sem er í berkinum innri móður í innri trjágöngunum“

Úr Fjórum ljóðum eftir Eva Ström frá Svíþjóð

„... í raun og veru efast ég um að himininn sé til. Eða Guð. Ef hann væri til hefði hann hjálpað okkur strákunum í skothriðunum.“

Úr „Skotgrafarvegi“ eftir Kari Hotakainen frá, Finnlandi

## 1. Norræn samkennd í hnattvæddum heimi

Meðal efnis í fyrsta hluta bókarinnar „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ er umfjöllun um það sem oft er kallað „norræna módelið“. Einnig er að finna tölfræðilegar upplýsingar um norræn samfélög, íbúa og tungumál. Ef við skynjum norræna samkennd og viljum rækta norrænt samstarf í framtíðinni hver eru þá þau verkefni sem við þurfum að sinna?

## 2. Norrænar nútímabókmenntir

Í öðrum hluta bókarinnar eru greinar eftir rithöfunda frá Noregi, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi – sem allir hafa hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Í greinum sínum fjalla höfundarnir hver á sinn hátt um sjálfsvitund og samkennd.

## 3. Samstarf í Norður-Evrópu

Í þriðja hluta bókarinnar „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ er fjallað um norrænt samstarf í nýrri Evrópu. Hér er fjallað um norrænt samstarf eftir stækkun ESB, um samstarf við grannsvæði Norðurlanda í austri svo og samstarf við grannsvæði okkar við Norður-Atlantshafið.

## Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa

Viðmiðunarverð bókarinnar er 70 danskar krónur án virðisaukaskatts. Þetta er viðmiðunarverð í dönskum krónum sem getur verið breytilegt milli umbodsmanna í löndunum. Ofan á verðið leggst sendingarkostnaður. Veittur er afsláttur ef pöntuð eru bekkjarsett.

Hægt er að panta bókina í eftirtöldum bókaverslunum:

### DANMÖRK

www.snbog.dk  
 snb@bog.dk  
 Svensk-Norsk  
 Bogimport A/S  
 Esplanaden 8 B,  
 DK-1263 København K  
 Sími +45 33 14 26 66  
 Símbref +45 33 14 35 88

### FINNLAND

www.akateeminen.com  
 akatilaus@akateeminen.com  
 Akademiska Bokhandeln  
 PB 128  
 Centralgatan 1  
 FIN-00101 Helsingfors  
 Sími +358 9 12141

### NOREGUR

www.akademika.no  
 sv-uvavd@uio.no  
 Akademika A/S  
 Postboks 84 Blindern,  
 NO-0314 Oslo  
 Sími +47 22853082 / 63  
 Símbref +47 22853039

### FÆREYJAR

hnj@hnj.fo  
 H.N. Jacobsens Bókahandil  
 Postboks 55  
 FO-110 Tórshavn  
 Sími +298 31 10 36  
 Símbref +298 31 78 73

### ÍSLAND

verslun@mm.is  
 Mál og menning  
 Laugavegi 18  
 IS-101 Reykjavík  
 Sími +354 (9) 515 2500  
 Símbref +354 (9) 515 2505

### SVÍÐJÓÐ

www.fritzes.se  
 order.fritzes@nj.se  
 Fritzes  
 Kundservice,  
 SE-106 47 Stockholm  
 Sími +46 (0) 8 690 9190  
 Símbref +46 (0) 8 690 9191

■ Hver skóli getur pantað eitt ókeypis sýniseintak af bókinni með því að senda tölvupóst á netfangið: [unginorden@norden.org](mailto:unginorden@norden.org). Gefa þarf upp nafn og heimilisfang skólans og nafn á tengilið. Á slóðinni [www.norden.org/unginorden](http://www.norden.org/unginorden) er einnig að finna krækju sem nota má til að panta ókeypis eintak af bókinni.

Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa  
 Stærð: A4

Nord 2004:5  
 Blaðsíður: 68

ISBN 92-893-1022-7  
 Prentað í 4+4 litum



norden

Norræna ráðherranefndin  
 Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18  
 DK-1255 København K

Sími +45 33 96 02 00  
[www.norden.org](http://www.norden.org)

